

Bæjarstjórn - 1939

FUNDARBOÐ

**1939. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 9.
október 2024 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2008329 - Samþykkt um frístundaheimili

8. liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 18. september sl.
Breytt samþykkt um frístundaheimili lögð fram til samþykktar.
Samþykkt og vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

2. 2408342 - Straumsvíkurhöfn stækkun, umhverfismat

1.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 3.október sl.

Samantekt umsagna og athugasemda lögð fram ásamt viðbrögðum bæjarins.
Helga Frímam umhverfis- og auðlindafræðingur hjá VSÓ ráðgjöf mætir til fundarins.

Skipulags- og byggingarráð þakkar Helgu Frímam fyrir kynninguna og tekur undir svör við umsögnum og athugasemdum við umhverfismatsskýrslu og vísar til afgreiðslu bæjarstjórnar. Samantektin hefur þegar verið kynnt í hafnarstjórn.

3. 2409277 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting S1, Hrafnista

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 3.október sl.

Á fundi bæjarstjórnar 25.9.2024 var samþykkt að hafin yrði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna stækkunar svæðis S1, Hrafnista og OP1, opins svæðis. Lögð fram tillaga að breytingu.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna stækkunar svæðis S1, Hrafnista og OP1, opins svæðis verði auglýst sbr. 2. mgr. 36. greinar skipulagslaga og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2409008 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting miðsvæði Valla

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 3.október sl.

Á fundi bæjarstjórnar 11.9.2024 var samþykkt að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna breytinga á landnotkun M2 á

miðsvæði Valla. Lögð fram skipulagslýsing.

Meirihluti skipulags- og byggingarráð samþykkir að leitað verði umsagna við lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í ráðinu sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka: Fulltrúar Samfylkingarinnar styðja við uppbyggingu hjúkrunaríbúða og íbúða fyrir aldraða í Hafnarfirði, en lítil fjölgun hjúkrunarrýma hefur verið undanfarin ár. Það er brýnt að bregðast við löngum biðlistum eftir hjúkrunarrými en meðalbiðtími er um 4-5 mánuðir í Hafnarfirði og ljóst er að með fjölgun aldraðra með breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar mun biðtíminn lengjast ef ekkert er að gert. Hér er um að ræða aðalskipulagsbreytingu sem myndi heimila hjúkrunaríbúðir og íbúðir fyrir eldri borgara, en engir samningar liggja fyrir við ríkið eða bæinn eða áætlanir um uppbygginguna.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja áherslu á mikilvægi þess að hlúa vel að eldri borgurum með gæðum þjónustu, íbúðar, byggðar og umhverfis og að vandað sé til staðsetningar hjúkrunarheimilis. Þeir lýsa yfir efasemdum um staðsetningu hjúkrunarheimilis á miðsvæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu. Einnig er fyrirhugað hjúkrunarheimili og íbúðir umferðargötum og bifreiðarstæðum. Ítarlegri greining þarf að liggja fyrir um gæði umhverfis og byggðar og því sitja fulltrúar Samfylkingarinnar hjá við afgreiðslu málsins.

5. 24091000 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting á texta í greinargerð, hafnarsvæði, M6

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 3.október sl.

Lögð fram tillaga um að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna breytinga á texta í greinargerð. Texti þar sem vísað er til gjaldskrár í greinargerð falli á brott.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hafin verði vinna við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna textabreytingar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

6. 2407405 - Öldugata 22b, breyting á deiliskipulagi

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 3.október sl.

Tekið til afgreiðslu.

Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 31.07.2024 var samþykkt að grenndarkynna með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga erindi Kristjáns Bjarnasonar f.h. lóðarhafa um breytingu á deiliskipulagi. Breytingin felst í því að skúrinn/vinnustofan á Öldugötu 22b verður hluti af deiliskipulagi Öldugötu, Öldutúns, Ölduslóðar og Hringbrautar þannig að skipulagsmörk deiliskipulagsins breytast og leggjast í kringum skúrinn/vinnustofu. Erindið var grenndarkynnt frá 02.08.2024 til 30.08.2024. Athugasemdir bárust. Lögð fram samantekt athugasemda og svör. Lögð fram breytt tillaga.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir uppfærðra tillögu að deiliskipulagi Öldugötu, Öldutúns, Ölduslóðar og Hringbrautar vegna Öldugötu 22B og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

7. 2410007 - Selhraun suður, skilmálabreyting

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 3.október sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Selhrauns suðurs vegna breytinga á nýtingarhlutfalli og bílastæðum.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Selhrauns suðurs vegna breytinga á nýtingarhlutfalli verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

8. 2409219 - Virkisás 19, umsókn um lóð

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 3.október sl.
Lögð fram umsókn Rúnars Berg Eðvarðssonar og Helgu Fanneyjar Jónasdóttur um lóðina nr. 19 við Virkisás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 19 við Virkisás til Helgu Fanneyjar Jónasdóttur og Rúnars Bergs Eðvarðssonar. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

9. 24091080 - Óseyrarbraut 13, samningur vegna uppbyggingar

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 3.október sl.
Tekið fyrir.

Bæjarráð samþykkir framlög drög að samningi vegna Óseyrarbrautar 13 og vísar í bæjarstjórn til staðfestingar.
Bæjarráð væntir frekari uppbyggingar íbúðabyggðar í Óseyrarhverfi á komandi árum og leggur áherslu á að í skipulagsvinnu verði tryggt jafnt aðgengi að bílakjöllurum á öllum lóðum á svæðinu.

Bókun frá fulltrúum Samfylkingar:

Fulltrúar Samfylkingarinnar taka endanlega afstöðu til fyrirbyggjandi samnings við afgreiðslu á næsta fundi bæjarstjórnar.

Fundargerðir

10. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 2.október sl.

a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 14.ágúst sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 1.október sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 3.október sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 3.október sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 18.september sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes frá 30.september sl.

c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 25. september sl.

d. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 14. ágúst sl.

e. Fundargerð 50. eigendafundar Sorpu bs. frá 30. september sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 2.október sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar frá 24.september sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 7.október sl.

07.10.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri